

## NORRÆNA STRANDMENNINGARHÁTÍÐIN Í OSLÓ 2014

- Friðrik Friðriksson

Fjórða Norræna strandmenningarhátíðin var haldin í Osló 17.-20. júlí og fórum við nokkrir stjórnarmenn sem fulltrúar Íslenska vitafélagsins á hátíðina. Þetta voru þau Magnús Skúlason, Sigurbjörg Árnadóttir og Friðrik Friðriksson sem var að fara á sína fyrstu strandmenningarhátíð. „Mér finnst magnað að norræn strandmenningarhátíð sé haldin á hverju ári þar sem öll Norðurlöndin koma saman og auðvitað gaman af því að upphafið að þessu öllu sé ráðstefna sem haldin var af Íslenska vitafélaginu í Stykkishólmi 2006. Á þeirri ráðstefnu var lagður grunnur að hátíðinni á Húsavík 2011. Síðan var hátíðin í Ebeltoft í Danmörku 2012, í Karlskrona í Svíþjóð 2013 og núna í sumar í Osló,“ segir Friðrik.

Hluti hátíðarsæðisins í Osló sem veðurguðirnir böðuðu sól og hita alla hátíðardagana



Birkir Þór Guðmundsson smíðar árar í bátinn Ríkey



Norræmenn leggja mikla áherslu á að miðla menningararfinum til yngstu kynslóðarinnar



ár flutti Þorvaldur Friðriksson erindi sem hann nefndi „Hvers vegna heitir norræni sjávarguðinn Ægir?“ Íslenski básinn var í hópi með Færeyingum, Grænendingum, Dönnum og Álandseyingum.

Hafinn er undirbúningur að hátíðinni á Álandseyjum sem verður á næsta ári og verður yfirskrift hátíðarinnar **kustkvinnan/konan og hafið** en einnig verður tónlist í hávegum höfð. Færeyingar halda hátíðina 2016. Árósar í Danmörku halda hátíðina 2017 en það ár er borgin menningarborg Evrópu. Strandmenning fær mikla athygli í Danmörku í tengslum við þetta menningarár og athyglinni verður beint að **handverki við hafið**. Vaxandi áhugi er hjá norrænum þjóðum að halda strandmenningarhátíðina enda hefur hún heppnast mjög vel. Til dæmis hafa þrjár borgir í Danmörku óskað eftir að fá að halda hátíðina.

Hátíðin í Osló var afar vel heppnuð. Norðmenn slógu henni saman við 200 ára afmæli norsku stjórnarskrárinnar og gerðu þannig meira úr henni. Þeir söfnuðu saman bátum sem komu siglandi niður vesturströndina og inn Oslóarfjörð í einni halarófu með Húna II frá Íslandi í fararbroddi. Þetta var upphafið að hátíðinni. „Það var mikil upplifun að sjá allan þennan fjölda báta á hátíðinni. Þarna voru skemmtibátar, skútur, fiskibátar, gamlir gufubátar, skip frá víkingatímanum og litlir víkinga-árabátar - frábært að sjá hversu mikla virðingu Norðmenn bera fyrir gömlum bátum,“ segir Friðrik. Hann nefnir einkum tvo eftirminnilega báta í Osló, gamalt uppgert hvalveiðiskip og herflutningaskipið „Hestmanden“ sem tók þátt í báðum heimstýrjöldunum. Enn er verið að gera herflutningaskipið upp og hefur sú vinna tekið 20 ár og enn langt í land. Sú vinna er öll unnin í sjálfböðavinnu.

Þá var þátttakendum boðin gisting í tveimur gömlum skemmtiferðaskipum „Sjökursen“ og „Nordstjernen“ en bæði skipin eru ennþá í rekstri. Friðrik segir að gaman hafi verið að búa um borð í þessum skipum þó svo káeturnar hafi verið mjög þröngar og sumar gluggalausar og heitar. Strandmenningarhátíðin átti sér stað á svæði fyrir aftan Óperuhúsið í Osló, á svæði sem er kallað Sukkerbiten. Göngugata, sem lá meðfram hafnarkantinum, endaði í opnu svæði með útsiði. Stærri bátunum var lagt við hafnarkantinn en smærri bátunum var lagt við tvær langar flotbryggjur við endann á svæðinu. Meðfram götunni voru básar þar sem fór fram mismunandi starfsemi svo sem kynning á félögum, bátasmíðar og annað handverk tengt strandmenningu. „Það var mikil upplifun að koma þarna sjá hvað var um að vera og kynna samfélagi fólks sem þykir vænt um gamla báta og menningu. Norðmenn hafa friðað gamla báta og skip og sýnt þannig að þeim er annt um sína menningu,“ segir Friðrik.

Á vegum Íslenska vitafélagsins kom eikarbáturinn Húni II með 10 manna áhöfn og með Húna II kom trillan Ríkey sem er ný-uppgerð, en Ríkey var smíðuð 1920 og er af Engeyjarlagi. Hljómsveitin Húnarnir spilaði um borð í Húna II á leið inn Oslóarfjörð og spilaði síðan á daginn um borð í Húna II fyrir gesti sýningarinnar og síðan á kvöldin fyrir þátttakendur. Arndís Jóhannesdóttir (Dísa) sýndi töskur og hluti úr fiskiroði. Var mikil örtröð hjá henni alla sýninguna og vakti notkun hennar á fiskroði mikla athygli. Málþing eru alltaf fastur hluti hátíðarhaldanna og í



Fréttabréf

Íslenska Vitafélagið 2. tbl 2014  
-félag um íslenska strandmenningu

Ágæti lesandi.

Haust, uppskera sumars og undirbúningur fyrir vetur. Vetur með myrkur, kulda og válynd veður – ógn sem ávallt hvíldi yfir sjávarbyggðum þessa lands í mun ríkara mæli en nú er. Skyldi gefa á sjóinn í dag og skyldu þeir ná landi í kvöld? Áður var þetta einnig boð um einangrun og skort – áður en ljós vitans hóf að blikka á Íslandsströnd svo að hægt væri að sigla þó dimma tæki.

Þessa tíma hyggst Íslenska vitafélagið – félag um íslenska strandmenningu minnst á fræðslukvöldum sínum í vetur, minnst sjómanna sem ekki náðu landi, samfélaganna sem lifðu í sárum og björgunarsveitanna sem urðu til um land allt til að takast á við þessa vá.

Til liðs við okkur fáum við að vanda okkur fróðari einstaklinga og vonum að félagsmenn flykkist á fræðslukvöldin ásamt öðrum áhugasömum einstaklingum um sögu lands og þjóðar. Sökum breyttrar starfsemi í Sjóminjasafninu Víkinni flytjast fyrirlestrarnir í hið sögufræga hús Alliancen, Grandagarði 2 sem byggt var á árunum 1924 til 1925 eftir teikningum Guðmundar H. Þorlákssonar, húsameistara. Húsið var byggt sem saltverkunarhús og hefur mikið menningarsögulegt gildi sem vitnisburður um þá atvinnustarfsemi er eitt sinn einkenni gamla Vesturbæinn.

Auk þess að fræðslukvöldin verða helguð minningu sjósóknar, sjóslýsa og björgunarsveita, þá vinnur félagið nú að gerð heimildarmyndar um íslenska vitann. Fáir leiða að því hugann hversu mikla einangrun tilkoma vitans rauf og hversu miklar tækniframfarir hann hafði í för með sér. Að þessu verkefni standa, auk félagsins, kvikmyndagerðarmennirnir Einar Þór Gunnlaugsson og Dúi Landmark og Kristjáns Sveinssonar sagnfræðings sem skrifar handrit. Kristján skrifaði einnig sem kunnugt er bókina Vítar á Íslandi.

Mikil vinna er framundan við að finna heimildarmyndir og auglýsir félagið hér með eftir öllu efni sem komið getur að notum. Þar ber fyrst að nefna kvikmyndir, filmubúta sem legið geta í fjölskyldusafninu, ljósmyndir og annað efni sem hugsanlega kann að koma að notum. Síðast en ekki síst er félagið á höttunum eftir fjárstuðningi við gerð myndarinnar.

Norræna strandmenningarhátíðin í Osló á liðnu sumri tókst með miklum ágætum eins og fram kemur annars staðar í blaðinu. Sumarið 2015 verður hátíðin haldin á Álandseyjum dagana 15.-19. júlí, en sérstök dagskrá fyrir seglskip verður 13.-14. júlí. Íslenska vitafélagið – félag um íslenska strandmenningu er íslenski aðilinn að þessum hátíðum og því verður þátttaka Íslands að fara í gegnum félagið. Þema hátíðarinnar að þessu sinn er „kustkvinnan“ konan og hafið. Einnig mun tónlist verða í hávegum höfð. Við biðjum alla sem áhuga hafa á að vera með að hafa samband við formann félagsins hið fyrsta þannig að unnt sé að sækja um styrki og fyrirgreiðslu í tíma.

Til að efla starf félagsins enn frekar þá hefur stjórnin nú hafið átak í fjölgun félagsmanna og stefnum að því að í hverjum firði verði til strandmenningarfélag sem aðild á að Íslenska vitafélaginu – félagi um íslenska strandmenningu.

Verndum strandmenninguna með nýtingu og nýsköpun.

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður

VINSAMLEGAST MUNIÐ AÐ GREIDA FÉLAGSGJÖLDIN

[www.vitafelagid.com](http://www.vitafelagid.com)

# NÝI GARÐSKAGAVITINN 70 ÁRA

- Ásgeir M. Hjálmarsson

Nýi vitinn, eins og við Garðmenn köllum jafnan stóra Garðskagavitann, er 70 ára um þessar mundir. Hann var vígður við hátíðlega athöfn þann 10. september á lýðveldisárinu 1944. Ástæðan fyrir því að við segjum alltaf nýi vitinn er sú að fyrsti vitinn sem byggður var á Garðskaga árið 1897 stendur enn og er alltaf kallaður gamli vitinn. Hann er nú friðaður.

Nýi vitinn er byggður úr steinsteypu og er sívalur, keilumyndaður turn 23,1 metra hár og stendur á breiðri 1,5 metra hárrí undirstöðu með hallandi hliðum. Með ljóshúsi er vitinn samtals 28,6 metra hár. Þvermál turnsins neðst er 7,5 metrar en 5 metrar efst. Garðskagavitinn er hæsti sérbyggði vitinn á landinu.

Þegar vitinn var tekinn í notkun var rafmagn ekki komið í Garðinn og þess vegna varð að notast við steinolíulampa og snúningslinsu sem var í gamla vitanum frá árinu 1897, ásamt lóðagangstækjum til að snúa linsunni fyrstu tvö árin, en síðla árs 1946 var komið rafmagn. Eftir að raforka kom var settur upp rafmótor sem knúði linsuna en áður höfðu verið gerðar tilraunir með vindrafstöð. Varaorka fékkst fyrst frá rafgeymum, en eftir árið 1975 fékkst varaorkan frá ljósavél.

Árið 1960 var gamla linsan tekin úr vitanum og í staðinn sett fjórföld snúningslinsa með 250 millimetra brennividd. Gamla linsan var sett í Galtarvita og var notuð þar til ársins 1944. Gamla linsan er til ennþá og hefur verið til sýnis í höfuðstöðvum Siglingarstofnunar í Kópavogi, en snúningstækið er á Byggðasafni Garðskaga. Lóðin eru líka til en þetta eru munir sem þarf að varðveita og koma fyrir í vitanum á Garðskaga. Radarsvari var settur í vitann árið 1988 og sjálfvirkri veðurathugunarstöð var komið fyrir í vitanum árið 1994.

**Garðskagaviti:** Staðsetning: 64°04,9' n.br. 22°41'4" v. lgd. Ljóseinkenni: Fl W 5 s. Sjónarlengd: 15 sjómílar. Ljóshæð yfir sjávarmáli 29 m. Vitahæð 28,6 m.

**Garðskagi, aukaviti:** Ljóseinkenni: F WRG. Ljóshorn: Grænt 024° -0371/2° yfir Býjarskerseyri. Rautt 0371/2° -041° fyrir utan Býjarskerseyri. Hvítt 041° -050° fyrir utan Býjarskerseyri. Sjónarlengd: 10 sjómílar. Ljóshæð yfir sjávarmáli: 24 metrar. Þetta set ég nú hér inn til gamans.

Saga leiðarmerkja og ljósvita á Garðskaga á sér langa sögu. Fyrsta leiðarmerkið fyrir sjófarendur var sett upp árið 1847 þegar hlaðin var mikil grjótvörð sem var 25 metra í þvermál að neðan og upp úr henni stóð járnstöng sem ljósker var sett á árið 1884, jafnframt var þar byggt dálítið hús úr timbri. Maður að nafni Helgi Helgason frá Lambastöðum hlóð vörðuna, en það var dóttir hans Þórunn Helgadóttir sem sá um ljósið. Það þurfti að draga það upp í járnstöngina. Þórunn þessi er væntanlega fyrsti kvenditavörður á landinu.

Danskur skipstjóri á pósthlutningaskipinu Sölöven, Stillhoff að nafni, lagði til árið 1854 að reistur yrði viti á Garðskaga. Þrátt fyrir að tillagan hlyti góðar undirtektir stjórnvalda dróst málið á langinn. Árið 1857 fórst skip Stillhoffs með allri áhöfn við ljóslausa strönd Íslands við Svörtuloft á Snæfellsnesi. Þrátt fyrir það var það ekki fyrr en árið 1897 sem fyrsti vitinn á Garðskaga er byggður, eins og áður er sagt frá.

Vitaverðir við Garðskagavita eru sjö talsins frá upphafi. Þeir eru Jón Helgason 1897-1903; Ísak Jónsson 1903-1922; Einar Straumfjörð 1922-1950; Sigurbergur H. Þorleifsson 1951-1975; Ásdís Káradóttir 1976-1977; Hafsteinn Ólafsson 1977- 1979; og Guðni Ingimundarson 1979-2004. Eftir það hefur vitinn verið í umsjón starfsmanna Siglingastofnunar sem núna tilheyrir Samgöngustofu.

Það er augljóst að mikið hefur verið lagt í vitabygginguna. Hönnunin er vönduð og mannvirkið sterkt og öflugt. Breiður sökkullinn er sterkur og eflaust hefur verið haft í huga að gamli vitinn var í stöðugri hættu vegna sjávargangs og stöðugs landbrots sjávar í kringum hann. Menn voru ekki öryggir þótt vitastæðið væri flutt fjær sjónum. En sem betur fer hefur landbrot verið miklu minna eftir að vitinn var byggður. Það má eflaust þakka því að öflug grjótvörn var sett á sjávarbakkann sem hefur stöðvað landbrot.

Í mínum huga er Garðskagavitinn einn af mikilvægustu vitum landsins, þar sem siglingaleiðin fyrir Garðskaga er ein sú fjölmennasta og hættulegasta við landið. Mörg skipsströnd hafa orðið á Garðskaga-flösinni og við skagann. Frá árinu 1903 til 1987 hafa strandað þar hátt í 30 skip og bátar þrátt fyrir það að viti væri á skaganum.

Nýi Garðskagavitinn sem núna heldur upp á 70 ára afmælið er ekki bara nauðsynlegur fyrir sjófarendur sem hann er reyndar byggður fyrir, heldur er hann einnig mjög vinsæll af ferðamönnum sem sækjast eftir því að fara upp í hann til þess að virða fyrir sér útsýnið sem er alveg frábært og til þess að taka myndir. Þá hafa ýmsar uppákomur verið í vitanum, t.d. hafa þar verið giftingar, mynd- og listsýningar, tónleikar og ýmislegt annað.

Mín von er sú að það eigi eftir að setja upp vitasafn í vitanum eins og hugmyndir voru hjá Vitafélaginu eftir að félagið var stofnað.



Nýi vitinn  
Ljósm.: Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir



Gamli vitinn

## ÍSLENSKI VITINN HLUTVERK HANS, STAÐA OG SAGA

Áttu myndefni sem tengist vitum, byggingu þeirra, sjósköðum eða björgun úr hafi? Íslenska vitafélagið - félag um íslenska strandmenningu er að vinna að gerð heimildarmyndar um sögu og hlutverk vitans ásamt kvikmyndargerðarmönnum Einari Þór Gunnlaugssyni og Dúa Landmark. Við auglýsum hér með eftir lifandi myndefni t.d. 8mm eða 16mm sem nýst getur okkur við gerð myndarinnar. Einnig eru allar ábendingar um efni vel þegnar. Ef þú lumar á einhverju hafðu þá endilega samband við Sibbu í síma 8234417 eða Einar Þór í síma 8916164

## FRÉTTIR....

### LISTAVERK ÚR FISKBEINUM

Róshildur Jónsdóttir hélt nýlega sýningu á einstökum listaverkum sem hún hefur unnið úr fiskbeinum. Í viðtali í Fréttablaðinu segir hún: „Ég hef ekki fundið neinn í heiminum sem vinnur með beinin á sama hátt og ég, sem betur fer“. Hún notar fiskhausa sem ekki eru nýttir hér heima nema í mjöl svo leiða má líkur að því hversu mjög verðgildi beinanna hefur aukist með list Róshildar. Nánar má sjá verk hennar á slóðinni <http://www.sparkdesignspace.com/en/projects/2013/03/07/skepnskopun-something-fishy>



### FISKVINNSLA FYRIR FERÐAMENN

Fiskvinnslu- og útgerðarfélagið Stakkavík ehf. í Grindavík býður gestum að kynna fiskvinnslu og framleiðsluferli frá því fiskur er dreginn úr sjó og þar til hann er tilbúinn til matreiðslu. Á vef þeirra segir: „Hjá okkur sérðu fiskinn, finnur andann og upplifir hefðina sem færir heiminum íslenskan fisk. Fullkomnaðu þessa einstöku upplifun með því að gæða þér á léttum veitingum í þægilegu umhverfi íslenskrar útgerðar.“ Þegar ferðamenn eru komnir í hús er þeim boðið upp á mynd sem tekin var í róðri línubátsins Þorkötlu GK-9 en myndin er tekin að hluta til neðansjávar. Einnig er boðið upp á sjávarréttasúpu og fiskrétt ásamt borðvíni fyrir þá sem það kjósa. [www.stakkavik.is](http://www.stakkavik.is)

### FRÍMERKI MEÐ VITA-MYNDUM

Tvö ný frímerki voru gefin út af Póstinum í frímerkjaröð sem kölluð er útgáfuröð vitafrímerkja. Annað frímerkið sýnir mynd af Dyrhólaeyjarvita sem reistur var árið 1927, fyrsti réttnefndi landtökuvitinn hér á landi en áður hafði verið reistur járngrindarviti við Dyrhólaey árið 1910.

Hitt frímerkið ber mynd af Akranesvita sem byggður var 1943-1944. Þetta er glæsilegur viti og margháttað menningarstarfsemi fer þar fram.



### BÁTASMÍÐAVEFUR – ARFUR ALDANNA

Hjalti Hafþórsson heldur úti vef undir þessu nafni um bátasmíði og ýmislegt sem snertir þennan málaflokk. Hann hefur fengið styrk frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti fyrir verkefni sem hann kallar Horfin verkþekking. Árið 2012 fékk hann styrk fyrir sama verkefni frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti og tilheyrja þessar úthlutanir sama verkefninu. Á síðunni eru mjög fjölbreyttar upplýsingar um bátasmíði úr sögu og samtíð, mynddiskar, vefsíður, myndefni og ýmislegar fróðleikar sem safnað hefur verið saman undir einni vefsíðu <http://www.tile.is/>



Hjalti Hafþórsson